

Eystrahorn

1. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 9. janúar 2020

www.eystrahorn.is

Tjarnarsýn – ljósmyndasýning

Föstudaginn 10. janúar verður ljósmyndasýning opnuð í bókasafni Menningarmiðstöðvar Hornfjarðar sem haldin er á vegum Náttúrustofu Suðausturlands og er að hluta styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Sýningin er hliðarafurð rannsókna sem fram hefur farið síðustu tvö ár á fuglalífi á og við tjarnir í Sveitarfélaginu Hornafirði en myndirnar eru allar teknar með flygildi. Tjarnir og vötn eru sérstök búsvæði og mynda oft keðju af lífríkum svæðum frá fjöru til fjalla. Talið er að á Íslandi séu um 7000 smávötn og tjarnir á stærðarbilinu 1-10 ha og 1841 stærri en 10 ha. Dýralíf tjarna og smávatna er oft mjög auðugt og vaxtartímabil lífvera þar er oft stutt. Því fer stærstur hluti framleiðslu slíkra búsvæða fram á stuttu tímabili yfir sumarið sem endurspeglast í miklum fjölda dýra á þeim tíma. Tjarnir, vötn og votlendi eru mikilvæg búsvæði fyrir stóran hluta íslenskra fuglategunda en um 70% varptegunda nýta ferskvatnsvotlendi og tjarnir að einhverju marki og 40% eru algerlega bundnar slíkum svæðum til varps eða fæðuöflunar á varptíma. Viða í Sveitarfélaginu Hornafirði má finna vötn og tjarnir enda votlendi víða. Tjarnir og smávötn eru nátengd votlendi



Lítill tjörn rétt við Eskey á Mýrum. Myndin er hluti af sýningunni.

og í sameiningu hafa þessi tvö búsvæði mikil áhrif á viðstöðu og hringrás vatns, uppsöfnun og losun næringarefna og eru því mikilvæg fyrir aðliggjandi búsvæði sem uppspretta orku og næringarefna. Umhverfi og útlit tjarna og vatna eru margbreytileg. Eðlisþættir svo sem dýpi, næringargildi, tærleiki, sýrustig og fleira hefur áhrif á gerð tjarna og vatna og mótir lífríkið sem þar þrífst. Einnig hafa aðliggjandi

búsvæði, lengd frá sjó, ákoma næringarefna, landsvæði og fleira mikil áhrif. Þessari sýningu er ætlað að fanga þennan breytileika. Tjarnir eru ekki eilífar og breytast með tímanum út frá grunnvatnsstöðu, áfoki, írennsli og afrennsli auk annarra lífrænna og ólífrænna þátta. Þessu verkefni var ætlað að skrásetja stöðuna sumarið 2019. Með tímanum má endurtaka verkefnið og sjá myndrænt þær breytingar sem verða á næstu

áratugum.

Við bjóðum alla hjartanlega velkomna á opnun sýningarinnar klukkan 16:00 næstkomandi föstudag. Í boði verða léttar veitingar. Sýningin, sem er sölusýning, mun verða uppi næstu 6 vikur og hægt að sjá hana á opnunartíma bókasafnsins.

Myndirnar á sýningunni eru teknar af dr. Lilju Jóhannesdóttur, vistráðings Náttúrustofunnar.

FAS í Gettu betur

Líkt og undanfarin ár tekur Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu þátt í Gettu Betur. Líðið að þessu sinni skipa þau Björgvin Freyr Larsson, Ingunn Ósk Grétarsdóttir og Oddleifur Eiríksson en hjálfari liðsins er Sigurður Óskar Jónsson, fyrrum nemandi í FAS og þátttakandi í Gettu Betur. Síðustu mánuði hafa farið fram stífar æfingar hjá liðinu og varamönnum liðsins. Mánudaginn 6. janúar hófst fyrsta umferð keppinnar með 5 viðureignum. Keppninni er ekki útvarpað eins og áður var heldur var hægt að fylgjast með á vefnum

www.ruv.is/null. Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu keppti á móti Framhaldsskólanum á Húsavík og hafði lið FAS betur 19-9 og tryggðu sér sæti í annarri umferð. Fjögur önnur lið tryggðu sér einnig sæti í annarri umferð Gettu betur en þau voru Fjölbautaskóli Suðurnesja, Fjölbautaskólinn í Breiðholti, Verkmenntaskóli Austurlands og Menntaskólinn í Reykjavík komust áfram. Við óskum liði FAS góðs gengis og verður spennandi að sjá hvernig þeim á eftir að ganga í keppninni.



Ingunn Ósk, Björgvin Freyr og Oddleifur skipa lið FAS í Gettu betur. Mynd: www.fas.is

LEIÐRÉTTING

Í jólablaði Eystrahorns var birt "75 ára gömul jólasaga", nafn höfundar vantaði með sögunni. Höfundurinn er Gróa Ormsdóttir, Tjarnabrú 3, 780 Höfn. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.



Golfklúbbur Hornafjarðar auglýsir Golfnámskeið

Kennari verður Brynjar Örn Rúnarsson, PGA Golfkennaranemi.

Námskeiðið er ætlað börnum og unglingum 6 - 16 ára og verður þátttakendum að kostnaðarlausu.

Fyrsta skiptið verður laugardaginn 18. janúar kl. 15:00 - 16:30 í Bárinni. Námskeiðið með Brynjari Erni verður einu sinni í mánuði fram á vor. Tímasetningar fyrir næstu námskeið munu verða auglýstar síðar.

Þátttakendur verða að skrá sig á námskeiðið hjá saemundurh@hornafjordur.is

Brynjar Örn býður upp á einkakennslu fyrir fullorðna, 30 mínútna tíma, eftir barna- og unglinganámskeiðið.

Hver tími kostar 3000 kr. og 5000 kr. fyrir tvo.

Tímarnir sem í boði verða eru frá kl. 16:30 laugardaginn 18. janúar og fyrir hádegi sunnudaginn 19. janúar.

Tímapiöntun er í sama netfangi.



Vildaráskrift Eystrahorns

Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér vildaráskriftina.

Þeir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, svokallaða vildaráskrift inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum. Vildaráskriftin er frjálst framlag t.d. 1000 kr. á mánuði.

HLS ehf.

Rnr. 537-26-55002

kt.500210-2490



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Rítstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litaprent

ISSN 1670-4126



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
Velkomin fyrir alla

Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur vegna deiliskipulagstillögu Reynivellir II verður haldinn miðvikudaginn 15. janúar 2020 kl. 12:00. Fundurinn verður haldinn í Ráðhúsi Sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, 780 Höfn.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



ARKITEK

AÐ BYGGJA DRAUMAHÚSIÐ ÞITT ER AUÐVELDARA EN ÞÚ HELDUR

ARKITEK HJÁLPAR ÞÉR MEÐ:

- TEIKNINGAR
- EININGAHÚS FRÁ SVÍPJÓÐ
- UPPSETNINGU HÚSANNA



WWW.ARKITEK.IS

ingvar@arkitek.is

Manstu eftir taupokanum?

ÞOKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Áramótapistill bæjarstjóra

Ég vil óska öllum Hornafirðingum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir árið sem er nú liðið.

Árið 2020 fer vel af stað hjá mér og minni fjölskyldu en við eyddum jólum og áramótum í sólinni á Tenerife í fyrsta skiptið og höfum því ekki notið veðra og vinda sem hafa gengið um Ísland. Þessi tími er mér alltaf mikilvægur og það er gott að geta eytt tíma saman fjölskyldu og vinum. Á þessum tímamótum er gott að stilla aðeins miðið, skoða hvað hefur áunnist á síðasta ári bæði persónulega og vinnutengt og setja markmið fyrir nýtt ár. Árið 2019 hefur verið mjög viðburðaríkt og á sama tíma nokkuð erilsamt að vanda.

Vel hefur gengið í rekstri sveitarfélagsins. Stefnumálnúverandi meirihluta eru að vinnast samkvæmt áætlun. Eitt af síðustu verkunum fyrir jól var að ljúka við gerð fjárhagsáætlunar þar sem verkefni næsta árs ásamt næstu þriggja ára voru kortlögð. Sveitarfélagið er vel rekið og framkvæmdastigið hefur verið hátt undanfarin ár og það verður ekki breyting á því á næstu árum. Rekstur sviða gengur vel og starfsmannamál eru í góðum farvegi. Mannauður sveitarfélagsins er mikilvægur og starfsfólk stendur sig frábærlega í sínum störfum, vil ég nota tækifærið og þakka fyrir þeirra störf.

Helstu verkefni næsta árs

Helstu verkefni á næsta ári er m.a. bygging nýs hjúkrunarheimilis en hönnun stendur nú yfir og er áætlað að henni ljúki nú í janúar og bygging hjúkrunarheimilisins verði tekin í notkun í byrjun árs 2022. Breytingar munu eiga sér stað í rekstri heilbrigðisstofnunarinnar á árinu en heilbrigðisráðherra tók ákvörðun um að endurnýja ekki samninga við Sveitarfélagið Hornafjörð um rekstur stofnunarinnar. Hef ég ásamt framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunarinnar setið fundi með samráðshópi um reksturinn síðustu vikurnar. Unnið er að samningum við HSU um rekstur sjúkrarýma og heimahjúkrunar en það er ljóst að heilsugæslan og sjúkraflutningar munu flytjast undir rekstur HSU Selfossi.

Á árinu verður haldið áfram með vinnu að frekari samþættingu heimaþjónustu og að samþættingu félags- og fræðsluþjónustu

með breytingum á Víkurbraut 24. Unnið er að hönnunarvinnu og áætlað að bjóða út framkvæmdir síðar á þessu ári og stefnt að flutningi snemma á næsta ári inn í húsnæðið. Með flutningi í húsnæðið verður aðstaða starfsmanna og þjónustubeiga heimaþjónustudeildar bætt til muna ásamt því að þjónusta í málefnum fjölskyldna og barna verður öll færð á sama stað.

Hafnarbrautin verður tekin til endurbóta á árinu, unnið verður að samþættu deiliskipulagi á miðsvæði við íþróttahús, Báruna og við skólahúsnæði sveitarfélagsins. Markmið skipulagsvinnunnar er að kortleggja framtíðaruppbyggingu á svæðinu m.a. staðsetningu nýs íþróttahúss.

Á nýju ári verður farið í stefnumótunarvinnu fyrir sveitarfélagið. Sú vinna hefst nú í febrúar með aðstoð Podium ráðgjafastofu. Að leiðarljósi í stefnumótunarvinnunni verður innleiðing heimsmarkmiðanna en ríkisstjórnin hefur sett sér markmið að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem eru 17 talsins og forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum þeirra. Þetta verður spennandi vinna sem mun færast niður í aðrar stefnur sveitarfélagsins.

Umhverfismál og hugleiðingar

Umhverfismálin eru mikið í umræðunni og ekki af ástæðulausu. Líklega hafa margir nýtt jólafrið í bókaletur og m.a. lesið bók Andra Snæs Magnasonar; Um tímann og vatnið, þar sem fjallað er um umhverfismálin í viðu samhengi. Það er ljóst að ástandið er alvarlegt og mikilvægt að allar þjóðir heims bregðist við. Hitastig fer hækkandi með aukinni losun kolefnis út í andrúmsloftið með tilheyrandi afleiðingum. Við búum jú í nálægð jöklanna og sjáum hvernig þróunin á sér stað ár frá ári. Nýlega sýndi Þorvarður Árnason í föstudagshádeggi í Nýheimum ljósmyndir sem sýna svo greinilega hver þróunin er og eru þær sláandi. Í bókinni fjallar Andri Snær um þessi mál og m.a. um það þegar hann hitti Dalai Lama fyrir margt löngu þegar hann fékk að taka viðtal við hann í heimsókn hans til Íslands. Þessi hluti vakti áhuga minn en hann er áhugaverð persóna. Hann hefur m.a.



lengi tamið sér hegðun sem miðar að því að bera virðingu fyrir umhverfinu. Hann er ekki að flækja hlutina, hann temur sér að nota lítið vatn og spara rafmagn hvar sem hann er. Hann er einnig neyslugrannur og vill breiða út boðskap friðar og kærleika. Ég ætla að leyfa mér að setja inn beina tilvitnun úr viðtali sem Andri Snær tók við Dalai Lama:

„Við erum gáfadar verur, við erum svo skapandi. Og við eigum að nota náðargáfu okkar til að færa heiminum meiri hamingju, meiri frið, færa samfélögum okkar meiri kærleika, stundum finnst mér það vera markmið okkar. Að leggja okkar af mörkum til að skapa samfélag kærleika.“

Þetta er góður boðskapur, að leggja okkar af mörkum til að skapa samfélag kærleika. Á tímum sem við lifum í dag þar sem stríð geysa víða í heiminum, efnishyggjan er mikil og fólk er upptekið þá er mikilvægt að gefa sér tíma og taka eftir umhverfinu í kringum okkur, hægja á okkur og njóta þess sem við höfum í dag. Byggjum upp gott samfélag með jákvæðni að leiðarljósi.

Með þessum orðum lýk ég nýársþistli mínum og óska ykkur öllum gæfu og hamingjuríks árs!

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri.



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

13., 14. og 15. janúar.

Tímamantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. janúar.

Næsta skoðun 17., 18., og 19. febrúar

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Núvitundarnámskeið á Höfn

Átta vikna námskeið hefst þriðjudaginn 28. janúar kl. 17:00-19:00. Kenndar eru hugleiðsluaðferðir til að tileinka sér núvitund í daglegu lífi, vinna með erfiðar tilfinningar og sátt við sjálfan sig og umhverfi sitt.

Nánari uppl. á www.facebook.com/nuvitund.

Skráning og uppl. hjá gunnar@dao.is eða helena@dao.is

Þrettándagleði Ungmennafélagsins Mána



Síðastliðinn sunnudag var haldin Þrettándagleði í Nesjum og var hún með öðru sniði en undanfarin ár. Veðrið hafði þau áhrif að þrettándabrennan var degi fyrr en breytingin var þó aðallega sú að nú var endurvakin sú hefð að halda þrettándann með álfum og huldufólki. Elin Birna Olsen Vigfúsdóttir saknaði þeirrar gömlu hefðar að þrettándinn væri haldinn hátíðlegur með álfareið með álfakonungi og drottningu, prinsu og prinsessu ásamt fjölda af tröllum og púkum. Hún fékk Hafdís Hauksdóttur með sér í lið og saman fóru þær í að undirbúa og skipuleggja hátíðina með Ungmennafélaginu Mána. Björgunarfélag Hornafjarðar sá um flugeldasýninguna og Ungmennafélagið Máni bauð upp á kleinur og heitt kakó fyrir gesti. Elin segir að stefnt sé á að stækka hátíðina að ári og að fólk sé ánæggt með þessa breytingu og að margir hafi saknað þessarar þrettánda stemningar eins og hún og sjálf.

Flott framtak og við vonum að þessi hefð fái að njóta sín næstu ár og hlökkum til að sjá hvernig tekst til að ári.

Kristján Vilhelm Gunnarsson og Vigdís Björk Jónsdóttir í hlutverkum álfakóns og drottningar



Gæfuríkt nýtt ár og þökk fyrir góð samskipti á liðnum árum.

Vegna útgáfu markaskrár 2020

Lögum samkvæmt á að gefa út markaskrá á átta ára fresti og sú síðasta var gefin út árið 2012. Markaeigendur í Austur-Skaftafellssýslu eru vinsamlegast beðnir um að gera grein fyrir sínum mörkum helst fyrir 22. janúar 2020.

Með því að greiða 2500 kr. fyrir hvert mark inn á reikninginn 172- 26- 588. kt. 150463- 5219. Gott væri að láta fylgja með greiðslunni númerin sem mörkin höfðu í síðustu markaskrá eða skýra greiðsluna með öðrum hætti. Einnig þarf að tilgreina mörk sem hafa verið tekin upp eftir að síðasta markaskrá var gefin út. Ef eiganda skipti eru á mörkum þá þarf nafn og kennitala að fylgja. Senda má upplýsingar á volasel@simnet.is eða hafa samband við mig í síma 895-0026. Ef einhverjar spurningar vakna, ekki hika við að hafa samband við mig, með von um gott samstarf hér eftir sem hingað til.

*Kveðja
Markavörður
Guðfinna Benediktsdóttir, Volaseli*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUFÉLAGIÐ
Sveitarfélagið Hornafjörður
valiðan fyrir alla

Sundlaug Hafnar LOKAÐ, LOKAÐ

Vegna viðhalds verður Sundlaug Hafnar lokað frá og með mánudeginum 13. janúar til laugardagsins 18. janúar. Er þetta gert vegna viðgerða á gólfum í klefum og í anddyri.

**Sundlaugin opnar aftur
sunnudaginn 19. janúar kl.10:00**

Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Heilsuvera – fræðslusíða heilsugæslunnar

Kröfursamfélagsins um aukna nýtingu upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslunnar almennt, verða sífellt meiri, en almennt er viðurkennt að aukin nýting upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustu auki öryggi sjúklinga, skilvirkni og gæði þjónustunnar. Á tímum tölvutæki og almennrar sitengingar við internetið er hægt með auðveldum hætti að leita sér upplýsinga um allt milli himins á jarðar. Þar eru upplýsingar um heilsu og heilbrigði ekki undanskildar. Upplýsingar koma úr ýmsum áttum og fólk oft hálf ringlað yfir öllum þessum upplýsingum. Til að tryggja það að fólk fái góðar upplýsingar um heilsu, sjúkdóma og einkenni þeirra hefur heilsugæslan og Embætti Landlæknis stofnað heimasíðu er kallast Heilsuvera.is. Á þessari síðu sem er í sífelldri endurskoðun

eru gagnreyndar upplýsingar sem hægt er að treysta á. Það má segja að þjónusta síðunnar sé tvíþætt:

Í fyrsta lagi er þar hægt að finna margvíslegan fróðleik um heilsueflingu eins og næringu, hreyfingu, líðan og svefn. Ýmsar upplýsingar eru um sjúkdóma, veikindi og einkenni þeirra. Ferðafólk getur fundið upplýsingar um bólusetningar og ferðalög. Börn og ungmenni sem og eldri borgarar geta einnig leitað sér upplýsingar sem er sett inn með þarfir þessara aldurshópa í huga. Foreldrar ungbarna geta fundið allan þann fróðleik sem fram fer í ungbarnaverndinni. Þarna er hægt að fá aðstoð við að hætta að reykja sem og taka áfengispróf svo eitthvað sé nefnt. Þegar fólk tekur ábyrgð á eigin heilsu er mikilvægt að leita sér gagnreyndrar þekkingar svo fólk geti tekið góðar ákvarðanir fyrir sína



HEILSUHORN HSU

heilsueflingu.

Önnur þjónusta sem hægt er að finna á síðunni er Mírar síður þar sem fólk getur skráð sig inn með rafrænum skilríkjum. Með aðgangi að Heilsuveru geta einstaklingar nú fengið yfirsýn yfir lyfjanotkun sína, sótt rafrænt um endurnýjun lyfseðla, séð stöðu lyfseðla í lyfseðlagátt, séð ofnæmi sem hefur verið skráð í sjúkraskrá, séð framkvæmdar bólusetningar, átt örugg rafræn samskipti við heilbrigðisstarfsmenn og bókað tíma rafrænt á heilsugæslustöð. Auk þess er hægt að fá aðgang að upplýsingum eigin barna að 16. ára aldri. Embætti landlæknis og heilsugæslan munu halda áfram að

þróa Heilsuveru og munu einstaklingar smám saman fá aukinn aðgang að eigin heilbrigðisupplýsingum með hjálp Heilsuveru.

Við hvetjum fólk til að skoða og nýta sér heilsuveru.is

*Fh. Heilbrigðisstofnunar
Suðurlands
Bjarnheiður Böðvarsdóttir
hjúkrunarfræðingur,
heilsugæslu Selfoss.*



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ KRAFTMIKLU FÓLKI TIL STARFA



Stöðvarstjóri óskast á Höfn

Pósturinn óskar eftir að ráða í stöðu stöðvarstjóra til að leiða starfsemi Póstsins á Höfn.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem hentar lausnamiðuðum, metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi.

Starfssvið:

- Umsjón með afgreiðslu, vinnslu og dreifingu á svæðinu
- Starfsmannamál og verkstjórn
- Bókhaldsmál, áætlanagerð, uppgjör, afstemmingar og lagermál
- Daglegar úrlausnir ýmissa mála

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi og/eða rekstrarreynsla
- Góð tölvu- og bókhaldskunnátta mikilvæg
- Sjálfstæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og samvinnufærni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kjartan Flosason
forstöðumaður pósthúsa í netfanginu kjartan@postur.is.

Umsóknarfrestur:
20. janúar 2020

Umsóknir:
www.postur.is



JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2021

ÚRVAL AF HELGARTILBOÐUM Í NETTÓ!

Kjúklingabringur
Danpo - 900gr

1.259 KR/PK
ÁÐUR: 1.799 KR/PK

-30%



Grísagúllas
Kjötborð

1.259 KR/KG
ÁÐUR: 1.799 KR/KG



Grísalund
Kjötborð

1.609 KR/KG
ÁÐUR: 2.299 KR/KG



Lambabógur
Kjötborð

890 KR/KG
ÁÐUR: 1.099 KR/KG



Croissant
með skinku og osti

135 KR/STK
ÁÐUR: 269 KR/STK



Ristorante pizzur

419 KR/PK
ÁÐUR: 469 KR/PK



Skjaldbakan
Ketó eða Margarita - 9" Pizza

989 KR/PK
ÁÐUR: 1.498 KR/PK

VALDAR VÖRUR FRÁ SANTA MARIA Á 20% AFSLÆTTI!



Sítrónur
251 KR/KG
ÁÐUR: 359 KR/KG

Lime
489 KR/KG
ÁÐUR: 698 KR/KG

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 9. - 12. janúar

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins

nettó

Lægra verð - léttari innkaup